

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands,
sbr. lög nr. 33/1970.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Auk stofnfjár skv. 3. gr. skal fjáröflun til Fiskveiðasjóðs vera með eftirtöldum hætti:

- a. vextir af lánum og öðrum kröfum,
- b. útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem renna til sjóðsins lögum samkvæmt,
- c. 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (öðrum en þeim, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum). Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru og skal það reiknað af sjávarafurðum, sem framleiddar eru á tímabilinu frá 1. júlí 1973 til 31. desember 1975,
- d. til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. c-lið greiðir ríkissjóður honum jafnháa fjárhæð árlega,
- e. til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. b—d-lið greiðir ríkissjóður honum árlega 35 milljónir króna,
- f. lántökur innanlands og erlendis, sbr. þó 7. gr. laga nr. 30/1960.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósefsson.

L Ö G

um heilbrigðisþjónustu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- 1.1. Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.
- 1.2. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæzlu, heilbrigðiseftirlits, lækningarannsóknna, lækninga í sjúkrahúsum og endurhæfingarstarfs.